

## FUNDARGERÐ

Árið 2020, föstudaginn 25. september kl. 12:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson (á fjarfundi), Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni sem ritaði fundargerð, Hrafkatli Hjörleifssyni, og Tinnu Dahl Christiansen.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð frá 28. ágúst 2020

Lögð var fram fundargerð frá 28. ágúst 2020 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerð frá 28. ágúst 2020 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.*

### 2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2020

Lögð voru fram til kynningar drög að uppfærðri greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2020. Áætlunin byggir á forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2020, endanlegum útsvarsstofni sveitarfélaga á árinu 2019 og áætluðum útsvarsstofni sveitarfélaga árið 2020.

### 3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2021

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 942 ma.kr., að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2020 verði 1.693 ma.kr. og að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2021 verði 1.747 ma.kr.

### 4. Landshlutasamtök sveitarfélaga

#### Sóknaráætlanir – tillaga að úthlutun framlaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga til landshlutasamtaka sveitarfélaga varðandi sóknaráætlun landshluta til ársins 2020, ásamt greinargerðum frá öllum landshlutasamtökum um framkvæmd þeirra verkefna sem unnið er að á árinu 2020 ásamt kostnaðaráætlun.

Á grundvelli samþykkrar tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 31. janúar 2020 verða til ráðstöfunar hjá sjóðunum 39,5 m.kr. á árinu 2020 til að koma til móts við kostnað landshlutasamtakanna hvað framkvæmd þeirra samstarfsverkefna varðar sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um og varða hagsmuni allra sveitarfélaga á starfssvæði þeirra.

*Eftir umfjöllun nefndarinnar var samþykkt að veita 39,5 m.kr. framlag til landshlutasamtaka sveitarfélaga.*

### 5. Sameiningar sveitarfélaga

#### Vinnureglur

Áframbhaldandi umræða frá síðasta fundi um drög að vinnureglum ráðgjafarnefndar vegna úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020. Lagt var fram yfirlit yfir úthlutuð framlög

sem ráðgjafarnefndin hefur samþykkt á sl. árum og myndu falla undir vinnureglurnar. Rætt var um að breytur eins og fjöldi sveitarfélaga, fjöldi þéttbýlisstaða og íbúafjöldi geta legið til grundvallar á viðmiðum við úthlutun framlaga.

*Nefndin ákvað að fela starfsmönnum sjóðsins að útfæra drög að vinnureglum.*

### **Umsókn Kjósarhreppur – greining á sameiningarkostum**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Kjósarhreppi, dags. 16. september 2020, um framlag vegna greiningar á mögulegum sameiningarkostum Kjósarhrepps. Fram kemur í erindinu að ákveðið hefur verið að hefja vinnu við að greina styrkleika, veikleika, ógnanir, og tækifæri Kjósarhrepps er til sameiningar sveitarfélagsins kemur. Í því felst jafnframt að greina sameiningarvalkosti. Áætlað er verkefnið verði unnið í vetur og niðurstaða liggja fyrir í upphafi árs 2021. Áætlað er að kostnaður við verkefnið verði um 3 m.kr.

*Samþykkt var að veita framlög til Kjósarhrepps allt að fjárhæð 3 m.kr.*

## **6. Útgjaldajöfnunarframlög 2020**

### **Uppfærð áætlun**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2020. Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. september 2020, ásamt yfirliti yfir útgjaldajöfnunarframlög.

Útgjaldajöfnunarframlög eru nú enduráætluð á grundvelli þess að hámarkstekjur sveitarfélaga hafa verið uppfærðar. Miðað er við sömu forsendur og við útreikninga tekjujöfnunarframlaga fyrir árið 2020. Þegar endanlegt tekjujöfnunarframlag 2020 liggur fyrir í lok árs verður í kjölfarið útgjaldajöfnunarframlagið enduráætlað á grundvelli þess.

*Nefndin samþykkti tillögu um enduráætluð útgjaldajöfnunarframlög 2020 á grundvelli nýrrar tekjuskerðingar.*

## **7. Framlög vegna lækkaðra tekna af fasteignaskatti**

### **Áætlun framlaga 2021**

Lögð var fram áætlun um úthlutun á framlagi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti á árinu 2021 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 24. september 2020.

Samkvæmt greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2021 nema framlög vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti 4.627,7 m.kr. á árinu. Að teknu tilliti til skuldar við verkefnið vegna fyrra árs að fjárhæð 345,2 m.kr. og greiðslu til Fasteignasjóðs vegna dóms Hæstaréttar að fjárhæð 76,1 m.kr. er áætlað fjármagn til ráðstöfunar 4.206,4 m.kr. á árinu 2021. Skv. reglugerð nr. 80/2001 um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, skal Jöfnunarsjóður greiða sveitarfélögunum framlag fyrirfram sem nemur 60% af áætluðu framlagi ársins eða 2.524 m.kr. Útreikningur áætlaðra framlaga til sveitarfélaga er miðaður við álagningastofna sem eru í gildi á árinu 2020, með álagningarhlutfalli þess árs. Greiðslan er innt af hendi með fimm jöfnum greiðslum mánuðina febrúar til júní 2021.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 4.206,4 m.kr. á árinu 2021 til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts. Áætlunin tekur mið af áætluðum tekjum ríkissjóðs á árinu 2021.*

## 8. Útgjaldajöfnunarframlög Áætlun framlaga 2021

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2021, sbr. 14. gr. reglugerðar 1088/2018, samtals að fjárhæð 9.150 m.kr. Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði 8.350 m.kr. samkvæmt A-hluta. Jafnframt er áætlað að úthlutun til B-hluta framlaganna, skólaakstur úr dreifbýli, nemi 750 m.kr. á árinu 2021 og 50 m.kr. vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna vegna A-hluta eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2020.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2020.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2020.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. jan. 2018, 1. jan. 2019, 1. jan. 2020 og 1. júlí 2020 vegna íbúafækkunar- og fjölgunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur frá því í september 2020 við útreikning áætlaðra tekjujöfnunarframlaga árið 2020 vegna tekjuskerðingar
- Flokkun sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra er talin vera sem hér segir:
  - Sveitarfélög með 70.000 íbúa eða fleiri
  - Sveitarfélög með 12.000-69.999 íbúa
  - Sveitarfélög með 300-11.999 íbúa
  - Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Forsenda við áætlaða úthlutun framlaga vegna B-hluta er eftirfarandi:

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í september 2020.

*Nefndin samþykkti að leggja til við ráðherra áætlun útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2021 að fjárhæð 9.150.000.000 kr.*

## YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

### 9. Greiðslu- og rekstraráætlun yfirfærslu grunnskóla 2020 – staðan

Lögð voru fram til kynningar uppfærð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2020 vegna yfirfærslu grunnskólans.

### 10. Greiðslu- og rekstraráætlun yfirfærslu grunnskóla 2021

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2021 vegna yfirfærslu grunnskólans.

## 11. Almenn grunnskólaframlög

### Áætlun framlaga 2021

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2021, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema 9.720 m.kr. á árinu 2021. Við bætast áætlaðar leiðréttingar vegna uppgjörs framlaga fyrir árið 2019 að fjárhæð 60 m.kr. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 9.780 m.kr. á árinu 2021.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna vegna ársins 2021:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2020.
- Upplýsingar um skólagerð.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2020.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um áætlaðan útsvarstofn sveitarfélaga vegna tekna 2019 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2020.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2021, samtals að fjárhæð 9.780 m.kr.*

## YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

### 12. Vinnumálastofnun

#### Umsókn vegna atvinnumála fatlaðs fólks – Þula

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Stýrihópi um atvinnumál fatlaðs fólks, dags. 11. febrúar 2020, varðandi framlag vegna innleiðingar á Þulu, upplýsinga- og þjónustukerfi vegna verndaðrar vinnu, hæfingar og virkniþjálfun.

Fram kemur í erindinu að stýrihópnum sé ætlað að fylgja eftir innleiðingu á upplýsinga- og þjónustukerfinu Þulu og sjá til þess að það sé nýtt eins vel og kostur er. Hrinda þarf af stað kennslu og kynningar á Þulu ásamt því að virkja samstarfsnet þar sem saman koma stjórnendur og ráðgjafar í þjónustunni. Óskað er eftir framlagi að fjárhæð 2 m.kr. til að halda kynninga- og kennslufundi á árinu 2020 á Höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi.

*Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að fresta afgreiðslu málsins og óska eftir áföllnum kostnaði vegna kynninga- og kennslufunda.*

### 13. Sérstök framlög vegna COVID-19

#### Vegna fatlaðs fólks

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að sérstöku framlagi að fjárhæð 200 m.kr. í málefnum fatlaðs fólks vegna aukins kostnaðar vegna Covid-19, ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 23. september 2020.

Óskað var eftir sundurliðuðum kostnaði sem þjónustusvæðin hafa þurft að bera og hefur beina tengingu við Covid-19, þ.e. kostnaðar vegna sóttkvíar starfsmanna, breyting á vöktum, veikindi og

fleira sem hefur beina tengingu við Covid-19. Svör hafa borist frá 19 þjónustusvæðum af 21. Heildarkostnaður sem gefinn er upp er 297 m.kr. og er mestur hluti hans tilkominn vegna launa. Lagt er til að framlag til ráðstöfunar sé dreift hlutfallslega eftir kostnaðartölum þjónustusvæðanna. Hvert þjónustusvæði fær því 72% af uppgefnum kostnaði.

*Ráðgjafarnefnd samþykkti að gera tillögu til ráðherra að sérstöku viðbótarframlagi í málefnum fatlaðs fólks að fjárhæð 200 m.kr.*

#### 14. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

##### Mögulegar breytingar á aðferðarfræði við útreikning framlaga

Lagt var fram til kynningar og umfjöllunar tillögur að breytingum á útreikningum almennra framlaga vegna fatlaðs fólks, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. september 2020, og yfirlitsskjali yfir áhrif breytinganna.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir tillögur að breytingum á aðferðarfræði við útreikning framlaga sem eru eftirfarandi:

1. Teknir verða upp nýir flokkar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar.
2. Greitt verður með fullorðnum einstaklingum án SIS mats líkt og þeir væru í 5. flokki.
3. Greitt með börnum á grunni SIS mats barna.
4. Greitt með börnum án SIS mats líkt og þau væri í 5. flokki.
5. Útsvarstenging framlaga fjarlægð.

*Nefndinni leist vel á tillögur að breytingum á útreikningi framlaganna og var ákveðið að fela starfsmönnum Jöfnunarsjóðs að útfæra tillögurnar enn frekar sem yrði tekið fyrir á næsta fundi nefndarinnar.*

#### 15. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

##### Breytingar á reglugerð í kjölfar lagabreytinga

Lagt var fram til kynningar og umræðu tillögur að breytingum á reglugerð nr. 460/2018 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Meðal breytinga er að ekki verður veitt framlög úr Fasteignasjóði vegna breytinga á húsnæði nema það sé í eigu sveitarfélags. Jafnframt er ráðgjafarnefnd heimilt að leggja til við ráðherra að þak verði sett á heildarfjárhæð sem kemur til úthlutunar úr Fasteignasjóði á tilteknu ári. Að auki kemur inn bráðabirgðaákvæði sem m.a. heimilar framlög til verkefna á biðstöðva almenningssamgangna sem eykur aðgengi fatlaðs fólks og á vinnustöðum fatlaðs fólks.

*Nefndin samþykkti að leggja til tillögur að breytingum á reglugerð nr. 460/2018.*

##### Umsókn frá Djúpavogshreppi

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Djúpavogshreppi, dags. 1. júlí 2020, um framlag til úrbóta ferilmálum fatlaðs fólks.

Fram kemur í erindinu að óskað er eftir framlagi vegna framkvæmda sem er ætlað að auka aðgengi fatlaðs fólks að samkomusal sem nýtist fyrir ýmis tilefni til að mynda opinberar samkomur,

félagsaðstöðu fyrir almenning og matsal fyrir Grunnskóla Djúpavogs. Óskað er eftir framlagi vegna verkefnisins að fjárhæð 11,5 m.kr.

*Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að fresta afgreiðslu erindis frá Djúpavogshreppi þar til vinnu við breytingar á reglugerð um Fasteignasjóðinn ljúki.*

#### 16. Ársfundur Jöfnunarsjóðs

Fjallað var um ársfund Jöfnunarsjóðs sem búið er ákveðið að verði haldinn þann 15. október nk. kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica. Vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu verða fáir fundargestir á staðnum en í staðinn verður ársfundur Jöfnunarsjóðs streymt á netinu í fyrsta skiptið þar sem þátttakendur geta fylgst með og tekið þátt.

#### 17. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði fimmtudaginn 15. október kl. 11:00.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Daníel Jakobsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson